

Stjórnarfundur LH 18. mars 2005

4. fundur

Stjórn og varastjórn voru boðaðar til þessa fundar. Mættir voru stjórnarmennirnir; Jón Albert Sigurbjörnsson, Haraldur Þórarinnsson, Sigfús Helgason, Guðný Ívarsdóttir, Sigurður Emil Ævarsson, Ingvar P. Guðbjörnsson og Einar Ragnarsson og úr varastjórn María Þórarinsdóttir og Sigrún Valdimarsdóttir. Aðrir boðuðu forföll. Fundurinn var haldinn á skrifstofu LH í Laugardal. Eftirfarandi var bókað.

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar yfirfarinn samþykkt.

2. Nefndir LH

Farið var yfir nefndarskipan aganefndar og dómaranefndar, sjá síðustu fundargerð. Einnig yfir störf nefnda það sem af er starfstímabilsins:

Keppnisnefnd: Sigurður Ævarsson skýrði störf keppnisnefndar og hvernig keppnisnefnd hefur hugsað sér kynningu á lögum og reglum LH. Kynningu fyrir íþróttadómara lýkur 31. mars n.k. og upprifjunarnámskeið gæðingadómara lýkur 16. apríl. Það þarf nauðsynlega að setja fram kostnaðaráætlun fyrir kynningu almennt og hvar á landinu þeir fundir eiga að vera.

Ferða- og samgöngunefnd: Stofnfundir reiðveganefnda hafa verið haldnir á 7 stöðum – sjá meðfylgjandi fundargerð. Ferða- og samgöngunefnd LH skipa: Sigríður Sigþórsdóttir er formaður nefndarinnar og Halldór Halldórsson nefndarmaður fyrir LH. Aðrir nefndarmenn eru: Birgir Leó Ólafsson fyrir Suðurland/vestra, Margrét Eggertsdóttir fyrir Suðurland/eystra, Magnús Ólafsson fyrir Norðvesturland, Örn Viðar Birgisson fyrir Norðausturland, Jóhannes V. Oddsson fyrir Suðvesturland, Kristján Gunnlaugsson fyrir Vesturland og Guðröður Hákonarson fyrir Austurland.

Starfslýsing fyrir reiðveganefndir landssvæða hefur verið samþykkt.

Í heildina voru viðbrögð fulltrúa hestamannafélaganna góð við þessum breytingum, þ.e. reiðvega- og reiðleiða skráningu og áætlanagerð til lengri tíma við reiðvegagerð.. Mikilvægt er að greina yfirstjórn Vegagerðarinnar um skipan nefndanna, formenn þeirra, og skiptingu innan svæða. Þannig komist skilaboð til svæðisstjóra Vegagerðarinnar frá yfirstjórninni.

Skráning reiðleiða á vefnum. Það þarf að mynda starfshóp um framhald GPS skráninga reiðleiða. Hnitsetningin er nokkuð flókin og mjög þétt net punkta þarf að taka við skráningu. Sigfús Helgason og Halldór Halldórsson, ásamt Þormari Ingimarssyni skoði framhald málsins í samvinnu við Landmælingar Íslands.

Skógarhólar. LH þarf að taka afstöðu til þess hvernig rekstur Skógarhóla verður í framtíðinni. Í framhaldi af því hefja viðræður við Þingvallanefnd. Guðný Ívarsdóttir og María Þórarinsdóttir taka mál Skógarhóla að sér og finna sér viðbótarnefndarmann ef þurfa þykir.

Tölvunefnd. Tölvunefnd LH fékk samantekt frá keppnisnefnd LH um hvaða breytingar eru á lögum og reglum LH sem tengja tölvukerfinu og gerði nefndin síðan nánari skýrslu úr því til tölvunefndar Bændasamtakanna sem sjá um Mótafeng og Kappa. Ný útgáfa á að koma til prófunar þann 15.apríl. Helstu breytingar á kerfinu tengjast FIPO en einnig eru nokkur atriði sem þarf að laga frá því í fyrra. María Þórarinsdóttir er tengiliður stjórnar við tölvunefnd.

3. Aganefnd LH.

Lagt var fram bréf frá aganefnd LH með beiðni um að staðfesta breytingar á reglugerð fyrir aganefnd. Stjórn LH staðfesti breytinguna og tekur hún þegar gildi – sjá meðfylgjandi reglugerð.

4. Fjármál og skipulagsmál LH

Sigrún Ögmundsdóttir fór yfir fjármál LH sem eru í góðu lagi. Nokkuð er útistandandi af styrkjum frá árinu 2004 og þá helst styrkur Átaksverkefnisins vegna reiðvegaskráninga. Árgjöld skiluðu sér vel.

Haraldur Þórarinnsson og Ingvar Guðbjörnsson skoði framhald á skipulagsmálum LH og hvaða svigrúm er í fjármálum.

Jón Albert kynnti stöðu styrktarsamninga LH við VIS og KBbanka. Verið er að ganga frá drögum að samningum.

5. HM í Svíþjóð í sumar.

Bjarnleifur Bjarnleifsson, formaður landsliðsnefndar kom á fundinn með punkta frá nefndinni. Eftir NM hefur starfið snúist um undirbúning fyrir HM í sumar. Búið er að tryggja landsliðinu gistingu og aðstöðu fyrir hross. Sigurður Sæmundsson hefur verið valinn einvaldur. Haraldur spyr hvort ekki sé eðlilegt að Sigðurður finni sér aðstoðarmann sem geti tekið við af honum í framtíðinni?

Úrtaka fyrir HM mun fara frá á Selfossi um miðjan júní en einnig buðu Mánamenn fram sitt svæði og þakkar Bjarnleifur þann stuðning.

Lykill að vali landsliðsins. Nefndin leggur fram tillögu sem miðar að því að gera úrtökuna áhugaverðari fyrir þátttakendur. Fram kom að liðið gæti orðið allt að 19 með kynbóta hrossum. Fjáröflun er á fullri ferð og lítur þokkalega út. Mikil orka hefur farið í kerfismál vegna leyfa út af ístölti og hefur það komið niður á öðru starfi. Bjarnleifur minnir á happdrættið til styrktar landsliðinu og hvetur stjórnarmenn til að taka þátt.

6. Önnur mál

- a. **Sjónvarpsþáttur um hestamennsku á Stöð 2.** Búið er að semja um 18 þátta röð við Stöð 2 og ósk er frá þáttargerðarmönnum að LH komi á einhvern hátt að málinu. Nauðsynlegt er að kynna LH betur fyrir fjölmiðlum og almenningi og þetta gæti verið tilvalinn vettvangur.
- b. **Sendiherra Íslands í Frakklandi.** Erindi hefur borist frá sendiherra Íslands í Frakklandi og þar bauð hann fram aðstoð sína ef LH hefur hug á að auka kynningu á íslenska hestinum í Frakklandi. Spurning hvort það sé hlutverk LH að standa í slíkum kynningarmálum og ef svo er hvað getum við gerð? Lagt til að skipa vinnuhóp um málið.
- c. **Boðunarkerfi innan LH.** Jón Albert ræddi um vandamál tengd boðunarkerfi LH og samband við hestamannafélögin. Oft er erfitt að fá upplýsingar og svör frá félögunum.
- d. **Styrkur frá Hestamiðstöð Íslands.** Hestamiðstöð Íslands hefur samþykkt að styrkja gerð handbókar um mannvirki að upphæð kr. 500.000,-.
- e. **Beiðni um styrk.** Óskað var eftir styrk vegna alþjóða dómara ráðstefnunnar. Stjórnarmenn tóku vel í þá ósk.
- f. **Hestamannafélagið Máni.** Máni heldur upp á 40 ára afmæli 23. apríl.

*Fleira ekki fært til bókar
Einar Ragnarsson, fundarritari*